

Ed.

345. Frumvarp til laga

[182. mál]

um sölu Þingeyjar í Skjálfandafljóti.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson,
Björn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Suður-Þingeyjarsýslu eignarhluta ríkisins í Þingey í Skjálfandafljóti, sem er $\frac{3}{4}$ hlutar eyjarinnar. Salan fari fram með því skilyrði, að eyjan verði friðuð fyrir búfjárangangi.

2. gr.

Söluverð skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við það mat tekið tillit til þess skilyrðis, sem sett er um söluna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingey í Skjálfandafljóti innan Suður-Þingeyjarsýslu er hinn forni þingstaður héraðsins og sýslan við hana kennd. $\frac{3}{4}$ hlutar hennar eru í eigu ríkisins, en $\frac{1}{4}$ hluti er í einkaeign. Nokkur ummerki eru þar um búðatóftir frá þeim tíma, er þar voru vorþing háð. Þar er örnefnið Þingvöllur, og má þar sjá leifar af fornum garði um völinn. Þar er og Þinghóll, hæsti staður eyjarinnar, á miðjum Þingvelli.

Eyjan er talin vera $5\frac{1}{2}$ km á lengd og $1\frac{1}{2}$ km á breidd, þar sem hún er breiðust. Hún er nú aðallega eða eingöngu notuð til beitar, einkum að vorlagi, og hefur hluti ríkisins verið leigður bónda einum í því skyni. Allmikill hluti eyjarinnar er nú uppblásinn, en nyrðri hluti hennar, og þar með þingstaðurinn, er enn vel gróinn.

Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur samþykkt að reyna að ná eignarhaldi á eyjunni allri með það fyrir augum að friða hana fyrir ágangi búfjár og gera hana að eins konar héraðsgarði og vernda hinar sögulegu minjar, sem við hana eru tengdar. Er frumvarp þetta flutt að beiðni sýslumanns í samræmi við fyrrnefnda samþykkt sýslunefndarinnar. Hyggjast forráðamenn sýslunnar munu reyna að ná eignarhaldi með frjálsum samningum á þeim hluta eyjarinnar, sem er í einkaeign.